

Huskylock™s15

Leiðarvísir



ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálarvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að finger verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að finger verði ekki fyrir nálinni þegar vélín er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.




Vinsamlegast athugið að ef þessu tæki verður fargað, þá verður að endurvinna það í samræmi við landslög sem gilda um förgun rafmagns/elektrónískra tækja. Ef þið eruð í vafa þá hafið samband við seljanda tækisins.


Innihald

Hlutir vélarinnar	4	Umhirða og viðhald	20
Fylgihlutir	5	Hreinsun	20
Fótmótstaðan tengd og vélin tengd við rafmagn	5	Smurning	20
Tvinnastóllinn togaður upp og stilltur	6	Skipt um neðri hnífinn	21
Afklippuhólfíð	6	Geymsla	21
Lokið framan á vélinni opnað og því lokað	6	Þjónusta	21
Flata framlengingarborðið fjarlægt og sett aftur á	6	Gangtruflanir og ráð við þeim	22
Fótlyftan	7	Tafla yfir sauma	23
Skipt um nálar	7	Efni / Nálar / Tvinni	27
Skipt um saumfót	7	Tæknilegar upplýsingar	27
Hreyfanlegi efri hnífurinn tekinn úr sambandi	8		
2-þráða sporbreytirinn settur á	8		
Þræðing á vélinni	9		
Þræðing á efri grípara (græn)	10		
Þræðing á neðri grípara (blá)	11		
Þræðing á hægri nál (rauð)	12		
Þræðing á vinstri nál (gul)	12		
Skipt um tvinna	13		
Byrjað að sauma	13		
Stilling á tvinnaspennum	14		
Mismunaflytjarinn stilltur	15		
Stilling á fótþrýsting	16		
Stilling á saumbreidd	16		
Stilling á sporlengd	16		
Stilling á sporbreiddartungu	17		
Rúllaður jaðar	17		
Flatlock saumur	18		
Overlock með undirleggsþræði	19		
Staðsetning tituprjóna	19		
Gengið frá tvinnakeðju	19		

Hlutir vélarinnar




1. Stillir fyrir þrýsting á saumfót
2. Tvinnastilling fyrir vinstri nál (gul)
3. Tvinnastilling fyrir hægri nál (rauð)
4. Tvinnastilling fyrir efri grípara (græn)
5. Tvinnastilling fyrir neðri grípara (blá)
6. Handfang
7. Tvinnahnífur
8. Fótlyftir
9. Stingplata
10. Framlengingarborð
11. Lok að framan
12. Stillir fyrir mismunaflutning
13. Rofi fyrir rafmagn og ljós
14. Handhjól
15. Stillir fyrir sporlengd
16. Tvinnastandur
17. Halda fyrir kóna
18. Keflispinni
19. Útdraganlegur tvinnastóll



20. Saumfótur
21. Hreyfanlegur efri hnífur
22. Fastur neðri hnífur
23. Neðri grípari
24. Efri grípari
25. Stillir fyrir sporbreiddartungu
26. Stillir fyrir saumbreidd/skurðarbreidd

Fylgihlutir

1. Nálarþökkun með þremur nálum, einni í grófleika 90 og tveimur í grófleika 80. Tvær nálar í grófleika 90, eru í vélinni við afhendingu.
2. Skrufjárn
3. Pinsetta
4. Diskar fyrir tvinnakefli (4)
5. Hreinsibursti
6. Neðri hnífur
7. 2-þræða sporbreytir
8. Net fyrir tvinnakefli (4)
9. Bakki fyrir afklippur
10. Yfirbreiðsla yfir vél



Fótmótstaðan tengd við vélina og vélin við rafmagn


Fótmótstöður fyrir þessa vél eru:

- Tegund GTC fyrir 220-240V

- Tegund GTE fyrir 100-120V

1. Tengid fótmótstöðuna við tengilinn á vélinni.
2. Tengid rafmagnssnúruna síðan við vegg tengil.
3. Ýtið aðalrofanum á “-” til að kveikja á vélinni.
4. Stigið á fótmótstöðuna - þeim mun fastar sem þið stigið á hana - þeim mun hraðar saumar vélin.
5. Ýtið aðalrofanum á “O” til að slökkva á vélinni.

Ath: Ef lokið framan á vélinni er opið þá sér öryggisrofi um að vélin fari ekki í gang.




Tvinnastóllinn stilltur

Togið tvinnastólinn upp á við eins langt og hann kemst og hann smellur á sinn stað.


Setjið tvinnakefli eða tvinnakóna á kónahöldurnar og keflispinnana.

Ef vélin er þrædd, losið þá um tvinnaendana þannig að þeir séu ekki flæktir saman.



Afklippubakkinn settur á

Staðsetjið vélina þannig að fremri brún hennar sé svo til jöfn við framhlið borðsins. Setjið U-löguðu krókana þannig að þeir fari utan um gúmmífætur vélarinnar. Fullvissið ykkur svo um að afklippurnar detti ofan í afklippubakkann þegar þið saumið.



Framlokið opnað og lokað


Opnið lokið framan á vélinni

Ýtið lokinu fyrst eins langt og það kemst til hægri og togið það síðan fram á við.

Lokið því aftur

Ýtið því fyrst upp á við og rennið því síðan til vinstri þar til það smellur á sinn stað.

Ath: Lokið er með öryggisrofa, þanig að það er ekki hægt að sauma á vélina ef lokið er opið.



Flata framlengingarborðið sett á og tekið af

Fríarmurinn notaður


Ef nota á fríarminn er flata vinnuborðinu rennt af vélinni. Með fríarminum er þægilegra að vinna við smærri verkefni, ermar, buxnaskálmur o.þ.h.

Flata borðið fjarlægð

Rennið flata borðinu af vélinni til vinstri með því að ýta á losunarhnappinn (A) sem er undir borðinu framantil.


Flata borðið sett á aftur

Látið nibbuna á flata borðinu standast á við raufina sem er aftan á fríarminum og rennið borðinu síðan til hægri þar til það smellur á sinn stað.



Fótlyftir


Lyftið saumfæti vélarinnar með fótlyftinum (A) sem er aftan til á vélinni.



Skipt um nálár

 *Slökkið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.*


1. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálarnar eru í efstu stöðu.
2. Losið - en fjarlægið ekki - vinstri (B) og/eða hægri (A) nálarskrúfurnar með litla skrúfjárninu sem fylgir með vélinni en haldið við nálarnar um leið.
3. Fjarlægið vinstri og/eða hægri nálina.
4. Haldið á nálinni þannig að flati kanturinn á leggnum snúi aftur eða frá ykkur.
2. Setjið nýja nál eins hátt og hún kemst í nálarhölduna.
3. Festið síðan vinstri (B) og/eða hægri ((A) skrúfuna tryggilega.



Skipt um saumfót

 *Slökkið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.*

1. Lyftið saumfætinum.
2. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálarnar eru í efstu stöðu.
3. Ýtið á hvíta hnappinn sem er aftan til á fóthöldunni (A) og við það dettur fóturinn af höldunni.
4. Staðsetjið hinn saumfótinn þannig að pinninn á honum sé beint fyrir neðan grópina á fóthöldunni og lækkið fótstöngina. Ýtið á hvíta hnappinn aftan á fóthöldunni og fóturinn smellur á sinn stað.





Efri hreyfanlegi hnífurinn tekinn úr sambandi

Setjið efri hreyfanlega hnífinn í þá stöðu að hann vinni ekki.

1. Snúið handhjólinu fram á við þar til efri hnífurinn er í efstu stöðu.
2. Opnið lokið framan á vélinni.
3. Ýtið hreyfanlegu hnífhöldunni til hægri eins langt og hægt er.
4. Snúið hnappnum frá ykkur þar til hnífurinn smellur í þá stöðu að hann er ekki í sambandi lengur (A).

Ath: Ef hnífurinn stöðvast í efri stöðu;


- Snúið handhjólinu fram á við þar til hnífurinn kemur upp úr vélinni. Haldið áfram að snúa hnífnum í lárétta stöðuna.



Hreyfanlegi hnífurinn settur aftur í vinnustöðu

1. Opnið lokið framan á vélinni og ýtið hreyfanlega hnífnum eins langt og hann kemst til hægri.
2. Snúið hnappnum upp og að ykkur þar til hnífurinn smellur í vinnustöðu.




Ath: Hafið hnífinn alltaf í vinnustöðu þegar þið eruð að sauma á vélina því vélin þarf alltaf að skera jaðarinn áður en hún saumar yfir brún efnisins.



2-þráða sporbreytirinn settur á

2-þráða sporbreytirinn er notaður þegar þið kastið jaðra með tveimur þráðum - einum nálartvinna og neðri grípara-tvinnanum. Áður en þið byrjið að sauma verður að setja 2ja þráða sporbreytinn á efri gríparann þannig að hægt sé að sauma aðeins með tveimur þráðum.

1. Opnið lokið framan á vélinni.
2. Snúið handhjólinu fram á við þar til efri gríparinn er kominn í lægstu stöðu.
3. Setjið pinnann (A) á sporbreytinum í gatið (B) á efri gríparanum.
4. Staðsetjið riffluðu staðsetningarrákina (C) þannig að hún liggji á efri brún gríparans.
5. Setjið oddinn (D) í gatið á efri gríparanum.



2-þráða sporbreytirinn fjarlægður

1. Fjarlægið oddinn (D) úr gatinu á efri gríparanum og fjarlægið sporbreytinn.
2. Geymið 2ja þráða sporbreytinn með fylgihlutunum.

Vélin þrædd

Innan á lokinu framan á vélinni eru allar þræðingar sýndar í litum.


Þegar þið þræðið vélina þá þræðið hana alltaf í þessari röð:

1. Efri gríparann - græn þræðimynd
2. Neðri gríparann - blá þræðimynd
3. Hægri nál - rauð þræðimynd
4. Vinstri nál - gul þræðimynd

Áriðandi:




Ef þræða þyrfti neðri gríparann eingöngu þá farið svona að:

1. Fjarlægjið þræðingarnar úr nálunum sjálfum.
2. Þræðið neðri gríparann
3. Þræðið nálarnar á ný





Þræðing á efri grípara (græn)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í lykkjuna sem er á tvinna-stólnum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna sem er aftan á lokinu ofan á vélinni (2). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
3. Haldið um tvinnann með báðum höndum og þrýstið honum á milli spenniskífanna í yfirtvinnaspennunni og togið hann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari á milli skífanna (3).






4. Þræðið gríparasvæðið með því að fara eftir grænu þræðimyndinni og eltið númeruðu litasvæðin (4-7). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
5. Notið pinsettuna til að koma tvinnanum aftur fyrir neðri gríparann og þræða síðan í augað á efri gríparanum framan frá og aftur (8).
6. Togið ca. 10 cm. af tvinna í gegn um gríparaaugað og leggið hann aftur undan stingplötunni.





Þræðing á neðri grípara (blá)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í lykkjuna sem er á tvinnastólum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna sem er aftan á lokinu ofan á vélinni (2). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
3. Haldið um tvinnann með báðum höndum og þrýstið honum á milli spenniskífanna í yfirtvinnaspennunni og togið hann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari á milli skífanna (3).
4. Snúið handhjólinu fram á við þar til neðri gríparinn er lengst til hægri.



5. Þræðið gríparasvæðið með því að fara eftir bláu þræðimyndinni og eltið númeruðu litasvæðin (4-8). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
6. Komið tvinnanum aftur fyrir og framhjá oddinum á neðri gríparanum (9A). Togið síðan varlega í hann til vinstri þar til hann rennur í raufina á neðri gríparanum (9B).
7. Haldið um tvinnann og þræðið hann í gegn um gatið á neðri gríparanum (10). Tvinninn á svo að liggja í raufinni á neðri gríparanum.
8. Togið ca. 10 cm. af tvinna í gegn um gatið á gríparanum og leggið hann yfir efri gríparann og aftur fyrir stung-plötuna.






Þræðing á hægri nál (rauð)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í lykkjuna sem er á tvinna-stólnum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna sem er aftan á lokinu ofan á vélinni (2). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
3. Haldið um tvinnann með báðum höndum og þrýstið honum á milli spenniskífanna í yfirtvinnaspennunni og togið hann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari á milli skífanna (3).
4. Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-7).

Ath: Fullvissið ykkur um að tvinninn fari í gegn um efri stýringarnar á tvinnastýringunni (6).

5. Þræðið í augað á hægri nálinni (8). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
6. Togið ca. 10 cm. af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann liggja lausan.
7. Lyftið saumfætinum og setjið tvinnan aftur undan saumfætinum.







Þræðing á vinstri nál (gul)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í lykkjuna sem er á tvinna-stólnum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna sem er aftan á lokinu ofan á vélinni (2). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
3. Haldið um tvinnann með báðum höndum og þrýstið honum á milli spenniskífanna í yfirtvinnaspennunni og togið hann síðan niður á við til að fullvissa ykkur um að hann fari á milli skífanna (3).
4. Haldið áfram að þræða í þræðingarnar (4-6).

Ath: Fullvissið ykkur um að láta tvinnann fara í gegn um neðri stýringarnar á tvinnastýringunni (5).



5. Þræðið í augað á vinstri nálinni (7). Notið pinsettu til að auðvelda þræðinguna.
6. Togið ca. 10 cm. af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann liggja lausan.
7. Lyftið saumfætinum og setjið tvinnann aftur undan saumfætinum.



Skipt um tvinna




Eftirfarandi er mjög auðveld leið til að skipta um tvinna:

1. Klippið einfaldlega á tvinnann sem skipta á um alveg niður við tvinnakeflið.
2. Fjarlægjið tvinnakeflið og setjið það nýja á tvinnastólinn í staðinn.
3. Hnýtið tvinnann sem er í vélinni við endann á nýja tvinnanum, og klippið tvinnaendana þannig að þeir verði ekki lengri en 2-3 cm á lengd. Prófið hvort hnúturinn sé ekki örugglega fullhnýttur.
4. Lyftið saumfætinum.
5. Setjið viðkomandi tvinnaspennu á minnið en lækkið hana síðan niður í "0".
6. Dragið tvinnann síðan einfaldlega í gegn um þræðing-arnar þar til ca. 15 cm af nýja tvinnanum er kominn í gegn um síðustu þræðinguna. Ef um nálartvinna er að ræða verðið þið að stoppa fyrir framan nálarnar. Ef einhver fyrstaða er þá aðgætið hvort tvinninn hefur flækst í eitthvað á leiðinni.
7. Klippið á tvinnann og þræðið nálarnar.
8. Setjið tvinnaspennuna aftur á fyrri stillingu.



Byrjið að sauma

1. Þegar vélin er fullþrædd lokið þið lokinu framan á vélinni og leggið alla þræðina upp fyrir stingplötuna og aðeins vinstra megin við saumfótinn.
2. Fulvissið ykkur um að efri hnífurinn nuddist við neðri hnífinn með því að snúa handhjólinu fram á við. Ef hann gerir það ekki aðgætið hvort einhverjir efnisafgangar séu á milli hnífanna.
3. Haldið lauslega en þó ákveðið í tvinnaendana.
4. Snúið handhjólinu fram á við 2 til 3 snúninga til að byrja að mynda tvinnakeðjuna. Aðgætið að tvinnarnir vefjist um saumatunguna á stingplötunni. Ef þeir gera það ekki farið þá yfir allar þræðingar á tvinnunum.
5. Haldið áfram í tvinnaendana og stigið varlega á fótmótstöðuna og látið vélina flétta tvinnakeðjuna þar til hún er orðin 5-6 cm á lengd.
6. Setjið síðan efni undir fremri hluta saumfótarins og saumið prufusaum. Stýrið efninu með vinstri hendinni þegar þið saumið. Togið ekki í efnið því það gæti beygt nálarnar og brotið þær. Látið vélina um að flytja efnið.
7. Þegar þið komið að enda efnisins, látið þið vélina flétta tvinnakeðju um leið og þið togið lauslega í efnið aftur á bak og til vinstri. Þetta kemur í veg fyrir að saumurinn rakni og undirbýr vélina fyrir næsta saum.
8. Klippið tvinnakeðjuna ca. 2-5 cm fyrir aftan jaðar efnisins og notið tvinnahnífinn á vélinni til að gera það, en hann er vinstra megin á vélinni. Togið tvinnann aftan frá í hnífinn og svo fram á við að ykkur.



Stillingar á tvinnaspennunum



Það þarf alltaf að stilla tvinnaspennurnar í samræmi við það efni og þann tvinna sem verið er að nota. Þeim mun hærri sem talan er á tvinnaspennunum þeim mun stífari verður tvinnaspennan.

Stillingarnar fyrir neðri og efri gríparana ættu að vera svipaðar (báðir gríparaþræðirnir ættu að hnýstast á jaðri efnisins). Nálartvinnarnir ættu hvorki að vera of lausir eða of stífir.

Skoðið saumatöflurnar á bls. 23-26 þar sem stungið er upp á stillingum á tvinnaspennunum fyrir hina ýmsu sauma og efni.


Þegar tvinnaspennan fyrir efri gríparann er of laus

Tvinnaspennan fyrir efri gríparanum er ekki rétt stillt ef tvinninn er togaður niður á röngu efnisins. Herðið þá spennuna fyrir efri gríparann (græn) eða losið á spennunni fyrir neðri gríparann (blá).




Þegar tvinnaspennan fyrir neðri gríparann er of laus

Tvinnaspennan fyrir neðri gríparann er ekki rétt stillt ef tvinninn er togaður upp á réttu efnisins. Herðið þá spennuna fyrir neðri gríparann (blá) eða losið á spennunni fyrir efri gríparann (græn).




Þegar tvinnaspennan fyrir vinstri nálartvinnann er of laus

Þegar tvinnaspennan fyrir vinstri nálina er of laus, herðið þið á spennunni fyrir nálartvinnann (gul) eða losið um báðar tvinnaspennurnar fyrir gríparana (græn og blá).



Þegar tvinnaspennan fyrir hægri nálartvinnann er of laus

Þegar tvinnaspennan fyrir hægri nálina er of laus, herðið þið á spennunni fyrir hana (rauð).




Stilling á mismunaflytjara

Mismunaflytningur felst í því að það eru tveir flytjarar sem eru staðsettir hver fyrir aftan annan. Hægt er að stilla hreyfingu fremri flytjarans óháð hreyfingu aftari flytjarans. Þegar það er gert verður hreyfingin á fremri flytjara annað hvort meiri eða minni en á þeim aftari og hann “þjappar” efninu saman eða “teygir” á því.

Notið mismunaflytninginn til að koma í veg fyrir að teygist á þrjónuðum efnum með því að láta hann þjappa efninu saman áður en vélín saumar, eða þá að koma í veg fyrir að þynnri efni rykkist með því að láta flytjarann teygja á þeim.

Þegar verið er að sauma saman venjuleg óteygjanleg efni þá stillið þið mismunaflytjarann á N sem er þá sama stilling og á aftari flytjaranum.








Þjappað overlock (Teygjanleg efni og þrjón)

Þegar þið overlockið teygjanleg efni eins og þrjón og jersey, stillið þið mismunaflytjarann á tölu á milli N og 2,0. Stillingin fer eftir því hvaða efni þið eruð að sauma. Saumið ávallt þrúfusaum á afgangsbút af samskonar efni.

Teygt overlock (þunn efni)

Þegar þið overlockið mjög þunn ofn efni eða lausofn þrjónuð efni eins og silki eða svipuð efni stillið þið mismunaflytjarann á númer á milli 0,7 og N. Þegar þið saumið slík efni er best að halda aðeins við efnin bæði fyrir aftan og framan saumfótinn. Stillingin fer eftir efninu sem verið er að sauma svo og hversu mikið þið viljið láta vélina toga í efnið. Saumið því ávallt þrúfusaum á afgangsbút af samskonar efni.

Efni	Mismunaflytjari 1.0		Árangur
Teygjanleg efni (Þrjón, jersey)		N - 2.0	
Venjuleg efni (Chino, denim)		N	
Þunn efni (Silki, þunn þrjónaefni)		0.7 - N	


Þrýstingur á saumfót

Þrýstingurinn á saumfótinn er fyrirfram stilltur frá verksmiðju fyrir saum á venjuleg efni og yfirleitt þarf ekki að breyta þessari stillingu. Ef hins vegar á að sauma mjög þunn eða mjög þykk efni getur verið nauðsynlegt að breyta þessari stillingu.

Minni þrýstingur: Minnkið þrýstinginn með því að snúa stillinum rangsælis.

Meiri þrýstingur: Aukið þrýstinginn með því að snúa stillinum réttsælis.

Aftur á venjulega stillingu: Snúið stillinum þar til merkið á honum er á mótis við merkið á lokinu ofan á vélinni.



Stilling á saumbreidd


Hægt er að auka eða minnka saumbreiddina með því að nota annaðhvort vinstri eða hægri nálina, eða með því að auka eða minnka saumbreiddina með sporbreiddarhnappnum.

Saumbreidd með því að nota vinstri eða hægri nálina


A) Ef þið notið eingöngu vinstri nálina, eða báðar nálarnar saman verður saumbreiddin 5.7 mm.

B) Ef þið notið eingöngu hægri nálina verður saumbreiddin 3.5 mm.

A) Vinstri nál 5.7 mm



B) Hægri nál 3.5 mm




Stilling á saumbreidd með saumbreiddarhnappnum

Með því að finnstilla skurðarbreiddina, og nota til þess stillinn fyrir saumbreiddina getið þið breytt saumbreiddinni innan eftirfarandi takmarkana:

A) Þegar aðeins vinstri nálin er notuð: 5.2 - 6.7 mm


B) Þegar aðeins hægri nálin er notuð: 3.0 - 4.5 mm

Snúið stillinum á þá breidd sem þið viljið nota og notið kvarðann á stingplötunni til viðmiðunar.




Stilling á sporlengd

Stillirinn fyrir sporlengdina á í flestum tilfellum að vera á "N". Stillið sporlengdina á 4 mm þegar þið saumið gróf og þykk efni, en á 2 mm þegar þið saumið mjög þunn efni.




Stilling á sporbreiddartungu

Sporbreiddartungan á að vera stillt á “S” fyrir alla venjulega (standard) overlock sauma. Til að sauma rúllaða jaðra þarf að færa tunguna nær stingplötunni og stilla hana á “R”. Þegar þið breytið stillingunni á tungunni fullvissið ykkur um að þið færið stillinn alla leið í báðar áttir.



Rúllaðir jaðrar

Rúllaðir jaðrar henta mjög vel fyrir þunn efni eins og fínt léreft, þunnan og lausofinn vefnað, organdy, krep o.s.frv. Þessu er náð fram með því að stilla tvinnaspennurnar stífari þannig að jaðarinn rúllist niður á við og inn í sauminn þegar þið saumið. Breytið tvinnastillingunum eftir því hversu mikið þið viljið láta jaðarinn rúllast. Til að þetta gerist þurfið þið að stilla sporbreiddartunguna á “R”. Mjósti faldur sem hægt er að ná fram er u.þ.b. 1.5 mm þar sem ekki er hægt að stilla skurðarbreiddina á minna en 3.5 mm.




Afbrigði af þessum rúllaða jaðri er mjói jaðarinn. Hægt er að ná honum fram með því að stilla tvinnaspennurnar í samræmi við uppástungurnar í saumatöflunum á bls. 23-26.


Ráð: Til að ná fram skrautlegum rúlluðum jaðri er tilvalið að þræða efri gríparann með skrautlegum tvinna, en nálina og neðri gríparann með venjulegum fínum tvinna.

2-þráða rúllaður jaðar / mjór jaðar

1. Setjið 2ja þráða sporbreytinn á vélina (sjá bls. 8).
2. Notið hægri nál og neðri gríparatvinna.
3. Færið sporbreiddartunguna á stillingu “R”.
4. Stillið sporlengdina á “N-2” fyrir fínni saum.
5. Stillið tvinnaspennurnar í samræmi við uppástungur í saumatöflunum á bls. 23-26.
6. Búið til tvinnakeðju og saumið fyrst á afgangsbút af sama efni áður en þið saumið flíkina sjálfa. Haldið í tvinnakeðjuna þegar þið byrjið að sauma til að forða því að hún flækist inn í byrjun saumsins.




2-þráða rúllaður jaðar




2-þráða mjór jaðar

3-þráða rúllaður jaðar / mjór jaðar

1. Notið hægri nál og efri og neðri gríparatvinna.
2. Færið sporbreiddartunguna á stillingu “R”.
3. Stillið sporlengdina á “N-2” fyrir fínni sauma.
4. Stillið tvinnaspennurnar í samræmi við uppástungur í saumatöflunum á bls. 23-26.
5. Búið til tvinnakeðju og saumið fyrst á afgangsbút af sama efni áður en þið saumið flíkina sjálfa. Haldið í tvinnakeðjuna þegar þið byrjið að sauma til að forða því að hún flækist inn í byrjun saumsins.



3-þráða rúllaður jaðar



3-þráða mjór jaðar

Flatlock saumur

Flatlock saumaáferð er náð fram með því að stilla tvinnaspennurnar fyrir 2ja eða 3ja þráða overlocksauminn, sauma sauminn og toga efnin í sundur þannig að saumurinn verði flatur. Stilla þarf tvinnaspennurnar rétt þannig að hægt verði að toga efnin þannig að þau verði flöt.

Hægt er að nota flatlock sauminn bæði sem skrautsaum, sauma tvö efni saman (venjulegur flatlock saumur), eða eingöngu sem skrautsaum á einfalt efni.

Hægt er að sauma flatlock saum á tvo vegu. Annaðhvort með því að láta röngu efnanna snúa saman til að ná fram skrautlegu útliti, eða með því að láta réttu efnanna snúa saman til að ná fram stigaspori.

Venjulegur flatlock saumur

1. Notið vinstri nálina.
2. Setjið 2ja þráða sporbreytinn á gríparann til að sauma 2ja þráða flatlock (sjá bls. 8). Þræðið neðri gríparann og vinstri nálina.

Fyrir 3ja þráða flatlock: Þræðið þið bæði efri og neðri gríparana og vinstri nálina.
3. Stillið tvinnaspennurnar í samræmi við uppástungur í saumatöflunum á bls. 23-26.
4. Leggið efnin saman röngu á móti röngu til að sauma skrautlegt flatlock á réttu efnanna.
5. Saumið sauminn og klippið umfram efnið frá. Nálartvinninn myndar V á röngunni. Tvinninn úr neðri gríparanum togast í beina línu við jaðarinn.
6. Takið efnin í sundur og togið þau í sitt hvora áttina frá saumnum til að gera sauminn flatan..


Skrautlegur flatlock saumur

1. Takið efri hreyfanlega hnífinn úr sambandi og setjið hann í hvíldarstöðu. Það á ekki að skera jaðarinn í þessum saum.
2. Farið eftir þrepum 1-3 hér að ofan.
3. Brjótið efnið þannig að ranga liggi á móti röngu til að sauma skrautlegan saum á réttu efnisins.
4. Staðsetjið efnið þannig að hluti saumsins saumist út fyrir jaðarinn.
5. Togið efnin í sundur sitt hvoru megin við sauminn til að gera hann flatan.


Ráð: Efri gríparaþráðurinn er aðal þráðurinn í flatlock saum. Notið skrautlegan tvinn í efri gríparann og venjulegan tvinn í neðri gríparann og nálina.

Stigasaumur



Til að búa til stigasaum leggið þið efnin saman réttu á móti réttu. Í þessum saum er nálartvinninn aðal þráðurinn og myndar stigasporin.




2-þráða flatlock



3-þráða flatlock



2-þráða stigaspor




3-þráða stigaspor

Overlock með undirleggsþræði

Það getur verið gott að legja þráð eða snúru inn í overlock-sauminn til að styrkja hann þegar verið er að sauma þrjón saman. Það kemur í veg fyrir að teygist á saumnum og gerir sauminn stöðugri.

1. Þræðið snúruna í gegn um gatið framan til á fætinum.
2. Leggið snúruna síðan aftur undan fætinum og saumið sauminn.
3. Snúran stýrist inn í sauminn um leið og þið saumið.



Staðsetning títuprjóna

Staðsetjið títuprjóna þannig að þeir liggi samhliða saumfæt-inum á vinstri hönd. Auðvelt er að fjarlægja þá og á þennan hátt fara þeir ekki í hnífana.

Aðvörðun: Ef þið saumið yfir títuprjóna getið þið skemmt hnífana þannig að það verði að skipta um þá.

Frágangur á tvinnalykkjunum

1. Þræðið tvinnalykkjuna í venjulega handsaumanál með stóru auga.
2. Þræðið nálina síðan inn í enda saumsins þannig að lykkjan dragist inn í endann á saumnum.

Viðhald og umhirða á vélinni

Overlockvél þarfnast meiri umhirðu og viðhalds en venjuleg saumavél og það af tveimur ástæðum:


- Þegar vélin sker jaðar efnanna myndast mikil ló.
- Overlockvélar sauma yfirleitt hraðar en venjulegar saumavélar og þess vegna þarf að smyrja þær oft.

Hreinsun



Slökkið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Opnið lokið framan á vélinni og fjarlægið alla ló með því að nota hreinsiburstann sem fylgir með vélinni.



Smurning




Slökkið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Til að vélin gangi létt og hljóðlega þarf að smyrja þá hluti sem sýndir eru með örvum á myndinni og gera það fekar oft en sjaldnar.

Notið eingöngu góða saumavélaolíu. Notið aldrei aðrar gerðir af olíum því það gæti skemmt vélina.

Notið aðeins einn til tvo dropa á hvern stað og þurrkið síðan yfirborðið með mjúkum klút til að fjarlægja olíu sem ekki fer á sinn stað.




Skipt um neðri hnífinn



Slökkið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Skipta þarf um neðri hnífinn þegar hann er orðinn bitlaus. Skiptið um hann á eftirfarandi hátt. Ef þið lendið í vand-ræðum, þá hafið samband við þjónustuna okkar og hún mun leiðbeina ykkur.

1. Opnið lokið framan á vélinni og takið efri hreyfanlega hnífinn (1) úr sambandi og setjið hann í hvíldarstöðu.
2. Losið um skrufuna (2) og fjarlægið neðri hnífinn (3).
3. Setjið nýjan neðri hníf í raufina á höldunni fyrir neðri hnífinn. Efri brún hnífsins á að vera jöfn efri brún sting-plötunnar.
4. Herðið skrufuna sem heldur hnífnum (2).
5. Setjið efri hnífinn (1) aftur í vinnustöðu.
6. Snúið handhjólinu þannig að nálarnar séu í neðstu stöðu.
7. Fullvissið ykkur um að fremri brún efri hnífsins sé nú 1-2 mm fyrir neðan efri brún neðri hnífsins.



Vélin geymd

Þegar þið eruð ekki að nota vélina, fullvissið ykkur um að hún sé ekki í sambandi við rafmagn. Setjið yfirbreiðsluna yfir vélina til að verja hana fyrir ryki. Geymið vélina þar sem hún verður ekki fyrir sólargeislum aða raka.

Þjónusta

Ef þið hafið einhverjar spurningar sem varða þjónustu og/ eða meðhöndlun á vélinni, þá hafið samband við þjónustuaðila vélarinnar.

Gangtruflanir og ráð við þeim

Vandamál	Lausn	Blaðsíða
Vélin flytur efnið illa	- Lengið sporlengdina. - Aukið þrýstinginn á saumfótinn fyrir þykk efni. - Minnkið þrýstinginn á saumfótinn fyrir þynnri efni. - Yfirfarið stillinguna á mismunaflytjaranum.	16 16 16 15
Nálin brotnar	- Setjið nálina rétt í nálarhölduna.. - Togið ekki í efnið þegar þið saumið. - Herðið á skrófunni sem heldur nálinni. - Notið grófari nál fyrir grófari efni..	7 13 7 7
Tvinninn slitnar	- Yfirfarið þræðinguna. - Athugið hvort tvinninn flækist í eitthvað á þræðileiðinni. - Setjið nálina rétt í vélina.. - Skiptið um nál, nálin gæti verið bogin eða oddlaus. - Notið eingöngu hágæða tvinna. - Losið aðeins á tvinnaspennunum.	9-12 7 7 27 14
Vélin hleypur yfir	- Setjið nýja nál í vélina - núverandi nál gæti verið bogin. - Herðið á skrófunni sem heldur nálinni. - Skiptið um gerð eða grófleika af nál. - Yfirfarið þræðingarnar. - Aukið þrýstinginn á saumfótinn. - Notið eingöngu hágæða tvinna.	7 7 7 7 9-12 16 27
Óregluleg spor	- Yfirfarið tvinnaspennurnar. - Athugið hvort tvinnarnir hafi flækst einhvers staðar. - Yfirfarið þræðingarnar.	14 9-12
Efnið rykkist	- Losið um tvinnaspennurnar. - Athugið hvort tvinnarnir hafi flækst einhvers staðar. - Notið eingöngu hágæða og e.t.v. finni tvinna. - Styttið sporlengdina. - Minnkið þrýstinginn á saumfótinn fyrir finni efni. - Athugið mismunaflytninginn.	14 27 16 16 15
Óreglulegur skurður á efninu	- Yfirfarið stillinguna á hnífumun. - Skiptið um annan eða báða hnífana.	21 21
Efnið flækist í vélinni	- Fullvissið ykkur um að efri hnífurinn sé í vinnustöðu. - Athugið hvort tvinnarnir hafi flækst einhvers staðar. - Saumið þykk og vatteruð efni fyrst saman með venjulegri saumavél áður en þið overlockið efnin.	
Vélin fer ekki í gang.	- Tengjið vélina rétt við rafmagn.	5

Saumatafla





Útskýringar á táknum fyrir efni





	Punn ofin efni Chiffon, lausofin efni, batist, silki o.þ.h.		Punn teygjanleg efni nylon, tricot, þunnt þrjón o.þ.h.
	Meðalþykk ofin efni Baðmull, buxnaefni, ull, satin o.þ.h.		Meðal teygjanleg efni tvöfalt þrjón, velúr, sundfatnaður o.þ.h.
	Þykk ofin efni denim, tjalddúkur, frottéefni o.þ.h.		Þykk teygjanleg efni Þykkt þrjón, flís o.þ.h.





Vinsamlegast athugið:

Stillingarnar í þessari töflu eru aðeins ráðleggingar og byggðar á venjulegum aðstæðum. Það getur því verið nauðsynlegt að breyta þessum stillingum miðað við það efni og tvinna sem verið er að nota. Breytið stillingum ávallt í litlum skrefum og aldrei meira en um hálf tölur í hvert sinn. Saumið ávallt þrífur áður en þið saumið efnið sjálft.

Sambland		Nál	Spor- lengd	Spor- breidd	Mis- mun- flytjari	Spor- breiddar- tungu	2-þráða spor- breytir	Tvinnaspennur			
Saumur	Efni							Gu	Ra	Gr	Bl
2-þráða breitt overlock 1		Vinstri	N	R(3.5)	N	S	Já	0.0	-	-	5.0
								0.5	-	-	5.0
								1.0	-	-	5.0
								0.0	-	-	5.0
								1.0	-	-	5.0
					1.5			1.0	-	-	5.0
2-þráða mjótt overlock 2		Hægri	N	R(3.5)	N	S	Já	-	0.0	-	4.0
								-	0.5	-	5.0
								-	1.0	-	5.0
								-	0.0	-	4.5
								-	0.5	-	4.5
					1.5			-	1.0	-	5.0
2-þráða breiður kastsau- mur 3		Vinstri	N	R(3.5)	N	S	Já	2.5	-	-	1.0
								3.5	-	-	1.0
								4.0	-	-	1.0
								2.5	-	-	1.0
								3.5	-	-	1.0
					1.5			4.0	-	-	1.0

Sambland		Nál	Spor- lengd	Spor- breidd	Mismu- na- flytjari	Saum- tunga	2-þráða spor- breytir	Tvinnaspennur			
Saumur	Efni							Gu	Ra	Gr	Bl
2-þráða mjótt overlock  4		Hægri	N	R(3.5)	N	S	Já	-	3.5	-	2.0
								-	4.0	-	2.0
								-	5.0	-	2.0
								-	N	-	2.0
								-	4.0	-	2.0
					1.5			-	5.0	-	2.0
2-þráða rúllufaldur  5		Hægri	1	3	N	R	Já	-	N	-	2.0
								-	N	-	2.0
		Ekki mælt með									
		Hægri	1	3	N	R	Já	-	N	-	2.0
		Ekki mælt með									
		Ekki mælt með									
2-þráða mjór jaðarsaumur  6		Hægri	1	3	N	R	Já	-	1.5	-	4.0
								-	1.5	-	4.0
		Ekki mælt með									
		Hægri	1	3	N	R	Já	-	2.0	-	4.0
		Ekki mælt með									
		Ekki mælt með									
2-þráða flatlock saumur  7		Vinstri	N	R(3.5)	N	S	Já	0.0	-	-	5.0
								0.5	-	-	5.0
								1.0	-	-	5.0
								0.0	-	-	5.0
								0.5	-	-	5.0
					1.5			1.0	-	-	5.0

Sambland		Nál	Spor- lengd	Spor- breidd	Mis- muna- flytjari	Spor- breiddar- tungu	2-þráða spor- breytir	Tvinnaspennur			
Saumur	Efni							Gu	Ra	Gr	Bl
3-þráða breitt overlock  8		Vinstri	N	R(3.5)	N	S	Nei	2.5	-	N	N
								N	-	N	N
								3.5	-	N	N
								2.5	-	N	N
								N	-	N	N
								N	-	N	N
					1.5			N	-	N	N
3-þráða mjótt overlock  9		Hægri	N	R(3.5)	N	S	Nei	-	2.5	N	N
								-	N	N	N
								-	3.5	N	N
								-	2.5	N	N
								-	N	N	N
								-	N	N	N
					1.5			-	N	N	N
3-þráða mjótt flatlock  10		Vinstri	N	R(3.5)	N	S	Nei	4.0	-	0.0	8.0
								4.0	-	0.0	8.5
								5.0	-	0.0	8.5
								4.0	-	0.0	8.0
								5.0	-	0.0	8.5
								5.0	-	0.0	8.5
								5.0	-	0.0	8.5
3-þráða teygjanlegt overlock  11		Hægri	N	R(3.5)	N	S	Nei	-	N	1.0	7.0
								-	3.5	1.0	7.0
								-	4.0	1.0	7.0
								-	3.5	1.0	6.0
								-	3.5	1.0	6.0
								-	N	1.0	6.0
								-	N	1.0	6.0

Sambland		Nál	Spor- lengd	Spor- breidd	Mis- muna flytjari	Saum- tunga	2-þráða spor- breytir	Tvinnaspennur			
Saumur	Efni							Gu	Ra	Gr	Bl
3-þráða rúllufaldur  12		Hægri	1	3	N	R	Nei	-	2.0	5.0	7.0
								-	2.0	5.0	8.0
		Ekki mælt með									
		Hægri	1	3	N	R	Nei	-	N	4.0	6.0
		Ekki mælt með									
											
3-þráða mjór jaðarsaumur  13		Hægri	1	3	N	R	Nei	-	N	5.0	N
								-	N	5.0	4.0
		Ekki mælt með									
		Hægri	1	3	N	R	Nei	-	N	5.0	N
		Ekki mælt með									
											
3-þráða breiður flatlock saumur  14		Vinstri	N	R(3.5)	N	S	Nei	0.5	-	5.0	7.0
								0.5	-	5.0	7.0
								0.5	-	5.0	7.0
								0.5	-	5.0	7.0
								0.5	-	5.0	7.0
								0.5	-	5.0	7.0
4-þráða overlock saumur  15		Báðar	N	R(3.5)	N	S	Nei	2.5	2.5	N	N
								N	N	N	N
								3.5	3.5	N	N
								2.5	2.5	N	N
					1.5			N	N	N	N
					2.0			3.5	3.5	N	N

Efni / Nálar / Tvinni

Efni	Punn efni (kjólaefni, krep o.þ.h.)	Meðalþykk efni (baðmull, buxnaefni, ull o.þ.h.)	Þykk efni (denim, jersey, tweed o.þ.h.)
Nálar	80	80, 90	90
Tvinni	Polyester (spunninn þráður) Snúinn tvinni 60/2 - 80/2 (Snúinn tvinni 80/3 - 100/3)	Snúinn tvinni 60/2	Snúinn tvinni 50/2 - #0/2

Tæknilegar upplýsingar

Saumahraði	Hámark 1300 spor/mínútu
Sporlengd	1.0-4.0 mm
Hlutfall mismunaflytjara	0.7-2.0
Breidd á overlock saum	Vinstri nál: 5.2-6.7 mm Hægri nál: 3.0-4.5 mm Rúllufaldur: 1.5 mm
Slaglengd á nálarstöng	27 mm
Hæð undir saumfót	4.5 mm
Nálar	INSPIRA overlock nálar - tegund ELx705 grófleikar: 90, 80
Fjöldi nála	2, eða 1
Fjöldi tvinna	2, 3, eða 4
Tegund af ljósi	Díóðu lýsing
Mál á vél	
Breidd	301 mm
Dýpt	280 mm
Hæð	270 mm
Þyngd	6.0 kg


Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og fylgihlutum hennar án fyrirvara, eða gera breytingar á útliti hennar. Slíkar breytingar verða samt sem áður ávallt til bóta bæði fyrir vélina og notendur hennar.

Eignarréttur á hugbúnaði

VIKING, HUSKYLOCK, KEEPING THE WORLD SEWING & Design eru vörumerki í eigu KSIN Luxembourg II, S.ar.l.

HUSQVARNA og “kórónu H-merkið” eru vörumerki Husqvarna AB.

Öll vörumerkin eru notuð samkvæmt leyfi af VSM Group AB.



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna • SVÍÐJÓÐ - www.husqvarnaviking.com
 PFAFF hf., Grensásvegi 13, 108 Reykjavík - www.pfaff.is